



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins - R16110141

Óskað var eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um fjármögnun umbótaáætlunar í skólamálum vegna fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði 24. nóvember 2016.

Fyrir liggur eftir umræður síðustu daga að breytinga er þörf í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Meðal annars hefur borgarstjóri vísað í að nauðsynlegt sé að vinna heildstæða umbótaáætlun. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að afar mikilvægt sé að hefja slíka vinnu með einhverjum hætti sem fyrst. Einnig virðist augljóst að slíkri vinnu þarf að fylgja fjármagn. Önnur sveitarfélög, meðal annars Garðabær, hafa sum hver gripið til þess bragðs að styrkja slíka vinnu með sérstöku fjármagni ætlað til starfsþróunar og hefur það gefið góða raun. Því er spurt, hefur verið gert ráð fyrir slíku fjármagni eða fjármagni sem með einhverjum hætti er beinlínis eyrnamerkt slíkri þróun sem nauðsynlegt virðist að fara þarf að vinna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og næstu ár.

Á undanförunum árum hefur verið lögð rík áhersla á þróun skólastarfs með nánu samstarfi skólanna og skrifstofu SFS. Haldin hafa verið mörg fræðslunámskeið og stuðningur verið veittur til þróunar kennsluhátta og fjölbreytts skólastarfs s.s. í upplýsinga- og tæknimennt, lýðheilsu, jafnréttis, sjálfbærni, útináms, listfræðslu, íslensku sem annað tungumál, fjölmening, námsmat samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Þá hefur Skóla- og frístundaráðsveitt árlega styrki til þróunarstarfs (þróunarsjóður Skóla- og frístundaráðs), á árinu 206 og 2017, 21,5 mkr. hvort ár.

2016

Á árinu 2016 var 137 m.kr. veitt í umbótaverkefni sem að mestu tilheyrðu grunnskólum s.s. málproski, læsi og lesskilningur, verk- tækni- og listnám, lýðræði, jafnrétti, mannréttindi, fjölmening, skólaþróun, gæði og fagmennska. Haustið 2016 var 60 mkr. bætt við fjárhagsramma skólanna til starfsþróunar.

2017

Á árinu 2017 var 140 mkr. veitt í umbótaverkefni og 144 mkr. bætt við fjárhagsramma grunnskólanna til starfsþróunar og aukins umbótastarfs.

2018

Á árinu 2018 er 130 mkr. veitt í umbótaverkefni, 10 milljónum veitt í vinnu með barnasáttmálann og 144 mkr. veitt til starfsþróunar í grunnskólunum. Að auki er á árinu bætt fjármagni við ramma SFS til verkefna sem eiga að stuðla að aukinni þróun skólastarfs í grunnskólum. Þessi atriði eru nánari útfærslu í samstarfi við stjórnendur grunnskóla og skólaþjónustuna.

- | | |
|--|-------------|
| • Hegðunarráðgjafar grunnskóla ráðnir á allar þjónustumiðstöðvar | 46.750.000 |
| • Talmeinafræðingar leik- og grunnskólaráðnir á allar þjónustumiðstöðvar | 52.259.000 |
| • Aukin sérúrræði í alla borgarhluta | 100.800.000 |
| • Aukin stjórnun | 35.600.000 |

Starfshópur um starfsumhverfi grunnskólakennara hefur verið að störfum á árinu 2017 og er áætlað að hann skili niðurstöðum í október 2017. Þá er unnið að gerð Menntastefnu til ársins 2030 sem áætlað er að ljúki í mars 2018. Því er gert ráð fyrir að á komandi árum skapist gott svigrúm til umbótastarfs í skólum, byggt á markvissri framtíðarsýn og ítarlegri greiningu á stöðu mála í grunnskólunum.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs